

Samstarfssamningur milli Akraneskaupstaðar og Vitans, félags áhugaljósmyndara á Akranesi

1. Markmið samnings

Markmið samnings er að virkja ljósmyndun sem áhugamál hjá almenningi og skapa um leið öflugan vettvang til menningarviðburðar á þessu sviði.

2. Hlutverk Akraneskaupstaðar

1. Útvegar Vitanum, félagi áhugaljósmyndara á Akranesi, húsnæði endurgjaldslaust.
2. Aðstoðar við að finna hentugt húsnæði undir sýningu á Vökudögum og greiðir fyrir það, ásamt því að greiða fyrir sýningaskrá. Stjórn vitans hannar og kemur með sýningarskrá tilbúna til prentunar.
3. Beitir sér fyrir því að Vitinn fái aðgang að stóra vitanum þegar uppsetning á ljósmyndasýningu stendur yfir.

3. Hlutverk Vitans, félags áhugaljósmyndara á Akranesi

1. Fræðsla og kynning um ljósmyndun í grunnskólum Akraness, forsvarsmenn grunnskólanna yrðu að skipuleggja slíka kynningu í samráði við stjórn Vitans.
2. Fræðsla og kynning um ljósmyndun fyrir eldri borgara á Akranesi, forsvarsmenn eldri borgara yrðu að skipuleggja slíka kynningu í samráði við stjórn Vitans.
3. Vinnustaðamyndir, heimsækja fyrirtæki á Akranesi og taka myndir af starfsmönnum við sín störf.
4. Samstarf við Ljósmyndasafns Akraness.
5. Ljósmyndasýningar:
 - a. Sýning á Vökudögum
 - b. Sýning í Akranesvita (á meðan hann er opinn ferðamönnum)
6. Ljósmyndabók. Félagið gerir eina sameiginlega ljósmyndabók á ári,

H. S.
RAI

nokkurs konar ársskýrsla og Akraneskaupstaður fengi 10 eintök endurgjaldslaust.

4. Önnur ákvæði

1. Vitinn, félag áhugaljósmyndara á Akranesi, afhendir Akraneskaupstað myndir af öllum húsum bæjarins. Myndirnar yrðu afhentar sumarið 2013 á geisladiskum og varðveitast af Ljósmyndasafni Akraness.
2. Vitinn, félag áhugaljósmyndara á Akranesi, og Akraneskaupstaður stefna að því að samstarf þeirra verði byggt á traustum og gagnkvæmum grunni til framtíðar fyrir samfélagið sem við búum í.

5. Viðauki


Sjá viðhengi við samning merkt viðauki.

6. Gildistími samnings

1. Samningurinn er til þriggja ára frá undirritun með skriflegum þriggja mánaðar uppsagnarfrest af beggja hálfu.
2. Samningsaðilar eða fulltrúar þeirra skulu stefna að því að halda fund einu sinni á ári til að fara yfir ákvæði samnings og skyldur samningsaðila.
3. Samningurinn endurnýjast ekki sjálfkrafa.


Akranes, 31. maí 2013

f. h. Akraneskaupstaðar




Regína Ásvaldsdóttir

f.h. Vitans, félag áhugaljósmyndara
á Akranesi




Hilmar Sigvaldason

Vottar:




nafn



kt.:



nafn



kt.: